

Nemendafélag Skóla Ísaks Jónssonar (NFSÍS)

Hlutverk nemendafélags Skóla Ísaks Jónssonar er að ræða ýmis hagsmunamál nemenda, koma skoðunum nemenda á framfæri við kennara og skólustjóra og stuðla að því að nemendur verði hæfari að lifa og starfa í lýðræðisþjóðfélagi. Tilgangur nemendafélagsins er að vinna að félags- og hagsmunamálum nemenda skólans á lýðræðislegan hátt.

Fulltrúar félagsins eru kosnir í byrjun skólaárs, 2 fulltrúar úr hverjum 3. og 4. bekk. Nemendur gefa kost á sér og síðan fer fram leynileg kosning í hverjum bekk. Í nemendafélaginu sitja því 4 fulltrúar nemenda auk tveggja starfsmanna skólans til umsjónar.

Fulltrúar í stjórn nemendafélags bera upp mál til umfjöllunar. Umsjónarmenn nemendafélags sjá um að boða á nemendafélagsfundi og halda fundargerð.

Nánar um hlutverk NFSÍS

Nemendafélag Skóla Ísaks Jónssonar stuðlar að lýðræðislegri þátttöku fyrir yngsta stig í grunnskóla. Við Skóla Ísaks Jónssonar leggjum mikla áherslu á að nemendafélagið verði vettvangur fyrir lýðræðislega þátttöku allra nemenda okkar. Nemendafélagið er sérstaklega hugsað úr frá nemendum á yngsta stigi skólans og tekur mið af aldri og þroska þeirra. Þannig tryggjum við að allir hafi rödd og tækifæri til að móta eigið náms- og félagsumhverfi á skýran og viðurkenndan hátt. Kennarar í nemendafélagi skólans hittast fjórum sinnum á skólaárinu með nemendum í skólaráði til að skapa öruggt og hvetjandi umhverfi þar sem allir geta tjáð sínar hugmyndir og skoðanir. Nemendafélagið heldur einnig sameiginlega viðburði með öðrum nemendum skólans, sem styrkir tengslin og eykur samstarfið innan skólasamfélagsins. Umræður byggðar á lýðræði og ákvörðunartaka í nemendafélaginu ræða nemendur málefni sem varða daglegt líf þeirra í skólanum, eins og skólalóðina, námsumhverfi og þjónustu. Þátttaka í þessum umræðum kennir nemendum að koma á framfæri eigin hugmyndum og taka ábyrgð á skólasamfélaginu.

Leiðbeinandi kennarar: Kennarar leiðbeina nemendum í lýðræðislegri vinnu, skipuleggja fundi og tryggja að allar raddir heyrist. Með þessum stuðningi læra nemendur að tjá sig, hlusta á aðra og taka virkan þátt í ákvarðanatöku.

Markmið og ávinningur: Markmið nemendafélagsins er að þróa lýðræðisfærni, leiðtogaþæfni og framtíðarsýn, byggja fyrirmyndir, starfa eftir Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna og leyfa röddum nemenda að heyrast.

- **Lýðræðisfærni:** Nemendur læra að tjá skoðanir sínar og hlusta á aðra. Auka þátttöku: Nemendur taka þátt í að móta eigið náms- og félagsumhverfi.
- **Byggja fyrirmyndir:** Nemendur sýna ábyrgð, virðingu og samstarfsvilja.
- **Framtíðarsýn:** Við trúum því að með þessari nálgun geti jafnvel yngstu nemendurnir haft mikil áhrif á skólagöngu sína.

Nemendafélagið okkar er ekki aðeins vettvangur fyrir samskipti og skemmtun, heldur einnig fyrir persónulegan vöxt og þróun leiðtogaþæfileika nemenda okkar. Með samvinnu og lýðræðislegri þátttöku byggjum við upp sterkt og samheldið skólasamfélag.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Nemendafélagið vinnur í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna til að tryggja að allir nemendur njóti réttar til þátttöku, verndar og stuðnings. Þetta felur í sér að tryggja að nemendur fái að tjá sig, njóti jafnréttis og að allar ákvarðanir séu teknar með hagsmuni barnsins í huga.

Nemendaping – að heyra allar raddir

Við stefnum að því að halda nemendaping þar sem allar raddir fá að heyrast. Nemendaping eru skipulögð til að tryggja að allir nemendur geti tjáð sínar hugmyndir og áhyggjur á barnvænu og skiljanlegu máli.

